


# Foreldrafundur í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra apríl 2015




# Dagskrá

1. Kynning á innleiðingu Aðalnámskrár sem hófst í nóvember 2013
2. Kynning á samningi sem skólastjórnendur á Austurlandi gerðu í lok janúar 2015 um bætta námsárangur í skólum á Austurlandi
3. Umræða um skólastefnu, sýn og óskir foreldra
4. Starfsemi skólaráðs í vetur og hvernig kosið er til skólaráðs

# Hlutverk skóla og skólasamfélags ?

- Að undirbúa nemandann fyrir framtíðina er áskorun um að hann læri að taka ábyrgð á sjálfum sér. Hann þarf að gera sér grein fyrir hæfileikum sýnum og möguleikunum sem hann hefur og vera fær um að nýta sér styrkleika sína og möguleikana til fulls. (*My pedagogic creed*, Dewey, 1897).



Að mennta nemendur í samfélagi sem hefur breyst og taka mið af þeim breytingum í starfsháttum sínum.

# Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2011

Námsskráin segir til um hvernig haga beri starfi í skóla. Hversu margir tímar í hvaða fögum, fjöldi skóladaga og hvernig mat á skólastarfinu á að vera .....svo framvegis. Námskráin er vinnugagn skólaráðs, skólanefndar skólastjóra og kennara.

Námskráin frá 2011 er sveigjanleg varðandi skólastarf mismunandi skóla.

Skólastefna ætti að vera unnin í samhengi við skólastefnu sveitafélagsins.

Rík áhersla er lögð á leik, og sköpun, samstarf og samskipti nemenda, tengsl við samfélagið og samtímann. Mjög mikil áhersla er lögð á að nemendur læri að axla ábyrgð á sjálfum sér og náminu.

Krafist er að kennsluhættir séu fjölbreyttir og að námsmat taki breytingum út frá lykilhæfni og hæfniviðmiðum. -Að gefið sé í bókstöfum við lok grunnskólans



# Grunnstoðir menntunar

Gert er ráð fyrir í Aðalnámskránni að starf í skóla byggji á grunnstoðunum:

- **Læsi**
- **Sköpun**
- **Sjálfbærni**
- **Jafnrétti**
- **Heilbrigði og velferð**
- **Lýðræði og mannréttindi**

Grunnþættir menntunar ná til kennsluhátta, námsefnisvals og námsframboðs, skólabrags og fleiri þátta - þá á að finna í öllu skólastarfi sem unnið er að – og í aðbúnaði sem nemendur hafa, skólahúsnæði, húsgögnum og jafnvel matnum sem þau borða í hádeginu.

Aðalnámskráin krefst heiltækrar nálgunar á allt skólastarf


# Innleiðingarferli- innleiðingarlíkan

## Undirbúningsstig:

- Skoða skólastarfið. Gera stöðu- og þarfagreiningu út frá kröfum A2011, út frá fyrra verklagi, hefðum, siðum, samfélagi, mannað, nemendum og foreldrum, vonum og væntingum
- Ákveða forgangsatriði og forgangsroðun
- Þróa markmið og vísa um árangur
- Að verða sammála um mikilvægi
- Vinna saman í sátt að uppbyggingu og í sömu átt –að sama marki

## Skýr stefna er nauðsynlegt viðmið

- Jákvætt hugarfar, samstarf og traust skiptir öllu ef vel á að ganga
- Ferlið skiptist í undirbúning –framkvæmd – endurmat og er ferli sem tekur 3-5 ár
- Skólasamfélagið er lærdómssamfélag
- Árangur er undir okkur sjálfum kominn



# Innleiðing Aðalnámskrárinnar hófst í lok ársins 2013

- Frá nóv. 2013- maí 2014. Kennarar: Lestur Aðalnámskrár og greining á starfinu sem fyrir var út frá grunnstoðunum, niðurstöður kennarafunda 2013-2014 vísuðu m.a. Veginn. Í framhaldinu var
  - Áhersla á að skrá niður það góða sem verið var að gera (t.d. stefnan á hs.)
  - Áhersla lögð á að auka á fjölbreytta kennsluhætti
  - Áhersla lögð á góða líðan hjá nemendum
  - Ákveðið að uppfylla það sem var brýnt að bregðast strax við og snerti nemendur sjálfa t.a.m finna einkunnarorð skólans, valgreinar, fjölbreyttari kennsluhætti og úrlausnir verkefna. Sumt hafði verið kveðið á um að ætti vera komið miðað við fyrri fyrri skólanámsskrám frá (1997 og 2007)
  - Stefna færð í orð : áherslur fyrri ára gerðar skýrar.
  - Skólaráð, skólanefnd og hreppsnefnd gerð meðvituð um Aðalnámskrána
  - Ýmsar áætlanir skorti -unnið að þeim samhliða
  - Könnun meðal foreldra, nemenda og starfsfólks, kynning á vinnunni á skólaslitum og breytingum sem mátti vænta
  - Farið í ferðir, söngur innleiddur sem sjálfsagður hluti skólastarfsins, breytingar á tímum í tungumálum greining á hvaða aðföng skortir og hvaða aðstöðu, hvað nemendur höfðu að segja og hvað foreldrar.
  - Hugmyndaplaggið draumaskólinn unnið af kennurum
  - Mikilvægt að muna að sumt sem gert hafði verið var mjög gott og mikilvægt að halda í það.

Einkunnarorð fundin með nemendum vorið 2014 og var hluti af því að bæta skólabrag og marka stefnu. Orðin eru okkur öllum leiðarljós.

Þetta eru fyrst og fremst óskir nemenda

- Skólinn okkar er *unaðslegur*
- Við berum *virðingu* fyrir sjálfum okkur, öðrum, umhverfi okkar og náminu okkar
- Við náum *árangri* – námslega, félagslega og í samskiptum



## Stefnan!

Grunnskólinn á Borgarfirði eystra er samrekinn grunn- og leikskóli. **Við hlúum sérstaklega að skapandi starfi með nemendum, sjálfbærni og góðum tengslum við grenndarsamfélagið, sögu þess og menningu. Við erum Grænfánaskóli og leggjum áherslu á umhverfisvitund og útikennslu ásamt rými fyrir sviðslistir, fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina ásamt metnaði fyrir bóklegum greinum. Nám barnanna tekur mið af þessum einkennum og er einstaklingsmiðað. Frá og með skólaárinu 2014-2015 erum við Heilsueflandi grunnskóli.**

# Þetta skólaár

- 2014-2015

- Fræðsla fyrir foreldra í samræmi við niðurstöður greininga ársins á undan Menntaþing og vonandi í framtíðinni fræðslufundur- árlegt? ( -útinám, fjölbreyttar kennsluaðferðir, vináttu og einelti(samskipti)
- Ákveðið að efla samstarf í markvissum skrefum milli heimila og skóla m.a. með beinni þátttöku foreldra í skólafarfinu í söng- og samskiptatímum, notkun túlks, heimsókn að hausti, aukið upplýsingaflæði á heimasíðu og föstudagspóstum , fundur um skólamál.
- Aukið nemendalýðræði í vissum skrefum
- Samstarf við grenndarsamfélagið
- Unnið faglega með ábendingar frá foreldrum
- Endurmenntun kennara í samræmi við stefnu og óskir þeirra : endurmenntunaráætlun gerð
- Unnið í að bæta aðstöðu og aðbúnað nemenda og kennara
- Unnið markvisst með að bæta líðan nemenda og samskipti
- Farið í það sem þótti mest aðkallandi
- Ný og gömul vinnubrögð fest í sessi með því að gera þau skrifleg (áætlanir, handbók kennara, bæta heimasíðu og aðstöðu)
- Endurmat á eldri áætlunum
- Innleiða skal nýtt námsmat skv. Aðalnámskrá -er í skoðun


Afhverju fjölbreyttir kennsluhættir ?

Tölum um árangur, virðingu og að skóli sé unaðslegur



## Learning Pyramid

average  
student  
retention  
rates




Source: National Training Laboratories, Bethel, Maine

# Næsta skólaár

- 2015-2016 áætlun mest aðkallandi

- Endurskoðun á námsmati, unnið eftir því, eftir nýrri námsskrá og stefnu.
- Bekkjanámsskrár í skoðun út frá Aðalnámsskrá til 2018
- Fjölbreyttir kennsluhættir, þemanám, samþætting og lotur áfram styrkt
- Leiks-og grunnskóli búa til betra rými fyrir samstarf
- Lestur og heimanám: mikilvægt að gott samstarf sé á milli heimila og skóla
- Úrbætur: aðstaða og framsetning upplýsinga til 2018
- Vinna eftir ábendingum frá foreldrum (t.a.m.þessi fundur og foreldrakönnun)
- Kynna nýjar áætlanir: eineltisáætlun, móttaka nýrra nem, læsi og stæ, nemendaviðtöl, námsmat ofl. í haust og næsta vor, jafnréttisáætlun uppfærð.
- Vinna eftir greiningu á markmiðum Heilsueflandi skóla og fl. greiningum að umbótum
- Að halda í gott starfsfólk verður að vera nokkuð sem foreldrar, starfsmenn og hreppsnefnd þarf að hjálpast að með
- Námsmat samkvæmt aðalnámsskrá er hæfnimiðað og tekur mið af bókstöfum í 10. bekk. Lykilhæfni er hugtak sem foreldrar þurfa að fá kynningu á.
- Leiðsagnarmat verði meginhugmynd með námsmati
- Aukin ábyrgð nemenda á eigin námi
- Merki skólans
- Starfsáætlun haust 2016

# Að átta sig á þessu ferli þegar breytingar eiga sér stað



Gleymið þessu með snyrtilegu myndina frá handbókinni um Heilsueflandi skóla !!!



Starfsfólkið er jákvætt,  
hefur metnað og  
samheldni í hópnum  
Nemendur bregðast  
jákvætt við flestu

Vissan um að við séum  
að vinna í átt að faglegu  
starfi gerir okkur stolt  
og örugg

Samtal á sér stað á  
mörgum stigum.  
Nefndir og langflestir  
eru velviljaðir  
skólanum

Mannabreytingar

Fæstir vilja breyta sér

Íhaldssamt samfélag?

Nýir kjarasamningar  
óvissa og ný  
verkefni

Samningur skólastjórnenda sveitafélaganna á  
Austurlandi janúar 2015 nær til leik- og  
grunnskóla

- **Markmið með samningnum er að auka færni í lestri og stærðfræði hjá börnum í landshlutanum.** Mikilvægt er að nemendur í þessum landshluta standi ekki verr námslega séð í þessum greinum en aðrir nemendur á landinu við lok grunnskólagöngu sinnar. Stefnt að eflingu beggja stiga: leik-og grunnskóla á Austurlandi.
- **Auknar skimanir og brugðist fyrr, betur og hraðar við námsörðugleikum .** Gera þarf foreldrum grein fyrir vandanum. Skólum tekst ekki að bæta árangur nemenda nema að foreldrar leggi lóð á vogarskálarnar.
- Auka upplýsingaflæði í báðar áttir frá og til heimila og skóla.
- Auka á sameiginlega fræðslu milli skóla og kennara á Austurlandi
- Markvisst unnið með færni leikskólanemenda, SKA kemur meira inn þar. Viðurkenning á mikilvægi leikskólasterfsins.
- Hver skóli gerir 5 ára áætlun um bættan námsárangur (meðal annars í samstarfi við foreldra).
- Skóli og foreldrar búa til viljayfirlýsingu og setja sér markmið



## Samningur þessi

- Samsvarar áherslum Hvítbókarinnar um að auka færni í lestri en til stendur að auka móðurmálstíma í viðmiðunarstundaskrá og er áætlun um það gerð til 2018
- Sett eru fram tvö meginmarkmið um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018 í hvítbókinni:
- 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma
- Sjá nánar :  
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8048>

# Læsisstefna Grunnskóla Borgarfjarðar eystra ( drög)

Nær til grunn- og leikskóla. Viðmið um lágmark lesturs í heimanámi og daglegu starfi í skólanum. Setjum okkur viðmið um árangur í leshraða og lesskilningi. Reglubundnar skimanir og inngríp í takti við niðurstöður. Viðmið um leshraða. Móta þarf einnig stefnu og viðmið í stærðfræði

Árgangur að vori	Lestur - Leshraði á mínútu,	Markmið	Daglegur lestur	Tími sem fer í heimanám í lestri
<b>Við lok leikskóla</b>	Hafi unnið með stafina á fjölbr. hátt heiti á þeim og hljóðin. Áhersla á málþroska og málvitund, hljóðkerfi. Hlustun og tjáningu	Hafi yndi af hlustun á sögur og skoðun bóka við hæfi aldurs. Hafi vel þroskaða hljóðkerfisvitund	2/3 X10 mínútur	Æskilegt er að foreldrar lesi amk. 15 mínútur fyrir börn sín daglega.
<b>1.bekkur</b>	Þekki alla stafina og hljóð þeirra geti lesið 30 -50 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri og geti lesið stök orð og setningar	60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	10 – 15 mínútur að lágmarki upphátt
<b>2.bekkur</b>	100 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri og sýni áhuga á að lesa sér til yndis.	60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	10 – 15 mínútur að lágmarki upphátt
<b>3.bekkur</b>	150 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar. Geti lesið margvíslegan texta.	20 -60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	15 mínútur að lágmarki upphátt
<b>4.bekkur</b>	200 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar. Lesi margvíslegan texta við hæfi aldurs og þroska.	30 - 60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	15 mínútur að lágmarki upphátt
<b>7.bekkur</b>	280 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar. Lesi margvíslegan texta við hæfi aldurs og þroska.	60 mínútur í mismunandi að lágmarki	20 mínútur að lágmarki
<b>9.bekkur</b>	350 atkv. á mínútu	Sé jákvæður fyrir lestri. Lesi sér til yndis og þekkingaröflunar. Lesi margvíslegan texta við hæfi aldurs og þroska.	60 mínútur í mismunandi að lágmarki	30 mínútur að lágmarki

# Á næsta skólaári biðjum við foreldra um

- Samstöðu um stefnu, heimanám, lestur og annað
  - Viljayfirlýsing t.d. með hjálp foreldrafélagsins
- Mentor nýtt kerfi, útlitsbreyting og aukin notkun foreldra, nemenda og kennara.
- Vinna með okkur að Danmerkurferðinni og öðrum ferðum
  - Það væri ekki slæmt að hafa stefnu um ferðalög og aðkomu foreldra að þeim
- Þátttöku í Menntaþingi tengist m.a. geðrækt og fjölbreyttum kennsluháttum, fræðsla fyrir foreldra, kenn, nem, aðra
- Samstarfsdagar? Byggjum upp saman t.d. Útikennslustofu?
- Samstarf leikskóladeildar og grunnskólans gefið rými í skólastarfi og foreldrasamfélagi
  - Eitt sameiginlegt foreldrafélag er eðlilegt í ljósi sameiningar leik og grunnskóla og fámennis
- Skólastefna fyrir sveitafélagið!

# Umræður

- Stefnan er sátt um hana ?
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru vangaveltur um þær?
- Stundaskrár
- Heimanám
- Foreldrasamstarf
- Lengdir dagar, samkomur
- Föstudagspóstar, upplýsingaflæði
- Fræðsla (óskir)
- Menntaþing
- Skóladagatal
- Annað

# Starfsemi skólaráðs veturinn 2014-2015

- Tekur fyrir áætlanir og ræðir um þær, -er samstarfsvettvangur foreldra, samfélags og skóla
- Ræðir meiriháttar breytingar í skólastarfinu
- Önnur mál
- Í vetur hefur skólaráð m.a. greint starfið í skólanum út frá gátlistum Heilsueflandi skóla og unnið gríðarlega gott starf.
- Kosið er í skólaráð á tveggja ára fresti að vori
  - Kosning fari fram á foreldrafélagsfundi (2 foreldrar) að vori
  - Leikskólaforeldri sitji í ráðinu
  - 2 fulltrúar nemenda á nemendaráðsfundi að vori
  - 2 fulltrúar kennara að vori gjarnan skipt leik-/grunnskóli
  - Fulltrúi annarra starfsmanna
  - Fulltrúi grenndarsamfélagsins
  - Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs kallar til fundi o.s.frv.

- **Nánari lestur sem hægt er að nálgast í skólanum eða á næsta bókasafni (sumt er á netinu):**
- Aðalnámskrá Grunnskóla 2011
- Þemahefti 2011
- Handbók um Heilsueflandi grunnskóla
- Fjölgreindir í skólastofunni: Gardner
- Greinasafn Dewey og fleiri handbækur um námsmat og kennslufræði

**Takk fyrir fundinn!**

**Þessar glærur voru notaðar á fundi með foreldrum 29.apríl 2015 til að kynna innleiðingarferli Aðalnámskrárinnar frá 2011 og vinna saman að stefnumótun skólastarfsins í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra**